Nr. 1087 22. september 2021

# REGLUR

## um vörpun lánshæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu og verðbréfunar.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu á grundvelli staðalaðferðar í samræmi við 2. kafla, bálk II í III. hluta reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglurnar gilda einnig um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur fyrir verðbréfaðar stöður í samræmi við 5. kafla, bálk II í III. hluta sömu reglugerðar.

2. gr.

*Vörpun lánshæfiseinkunna lánshæfismatsfyrirtækja yfir í þrep útlánagæða.*

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu skal varpa lánshæfiseinkunn frá lánshæfismatsfyrirtæki yfir í þrep útlánagæða samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjárkröfur vegna verðbréfunar skal varpa lánshæfiseinkunn frá lánshæfismatsfyrirtæki yfir í þrep útlánagæða samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801, sbr. 3. gr.

3. gr.

*Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánshæfiseinkunna lánshæfismatsfyrirtækja vegna útlánaáhættu í samræmi við 1. og 3. mgr. 136. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801 frá 11. október 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánshæfiseinkunna lánshæfismatsfyrirtækja vegna verðbréfunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/634 frá 24. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 388-394.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2028 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2021 frá 19. mars 2021.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmda-

stjórnarinnar (ESB) 2016/1799, 2016/1801 og 2019/2028 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R1799, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 275, þann 12. október 2016, bls. 3-18;
2. https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R1801, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 275, þann 12. október 2016, bls. 27-33;
3. https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32019R2028, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 313, þann 4. desember 2019, bls. 34-40.

4. gr.
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í b-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 963/2017 um tæknilega staðla um vörpun lánshæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum á grundvelli staðalaðferðar og vegna verðbréfunar.

*Seðlabanka Íslands, 22. september 2021.*

**Ásgeir Jónsson**
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2021